


# Fréttabréf Garðasæls

## Maí 2018



### Umferðardagar

**Dagana 2. - 4. maí** eru umferðardagar í Garðaseli en þá verður lögð áhersla á að ræða við börnin um hjól og hjálmanotkun ásamt því hvernig við notum gangbrautirnar og gangbrautarljósini. Allt eru þetta atriði sem skipta miklu máli í öryggi barnanna í umhverfinu og því hvetjum við foreldra til að taka þátt í þessari fræðslu með börnum sínum og vera góðar fyrirmyndir.

**Hjóladagar** verða árgangaskiptir í maí. Þá rýmum við bílastæðið og börnin mega koma með hjólin sín og **hjálm**a (mikilvægt að muna eftir þeim 😊)

- 2013 er föstudaginn 18. maí
- 2014 er fimmtudaginn 17. maí
- 2015-2016 ( Lónið) – góður dagur í maí fundinn og foreldrar látnir vita með fyrirvara



### Á hjóli í skólann

Nú fer sumarið og góða veðrið að koma og þá notum við hjólin okkar meira. Ef börn koma á hjólum í leikskólann eru foreldrar beðnir að geyma þau fyrir framan leikskólann en ekki inni á leikskólalóðinni. Hjól, sem eru geymd fyrir framan leikskólann, eru á ábyrgð foreldra, en fylgst er með þeim eins og kostur er.

### Heilsuskokkið

**Föstudaginn 11. maí kl: 10.30** verður síðara heilsuskokk skólaársins en það höfum við tengt Alþjóðadegi hreyfingar. Farið verður á íþróttasvæðið að Jaðarsbökkum og skokkað þar saman. Allir þátttakendur fá viðurkenningu í lokin og ávaxtabita til að endurnýja orkuna. Þennan dag væri gott að börnin kæmu í eða hefðu með sér **íþróttaskó** sem gott er að hlaupa í.



### Útskrift elstu barna



Fimmtudaginn **17. maí kl: 15.00-17.00** verður sérstök útskriftarhátíð elstu barnanna á Vík en þá hittast börn, foreldrar / fjölskyldur barnanna og starfsfólk og eiga saman góða stund. Yngri systkini þurfa að geta setið og notið dagskrár án þess að trufla athöfn elstu barnanna ef þau koma með – foreldrar eru beðnir að athuga það.

Börnin verða með skemmtiatriði, fá útskriftarbókina sína og myndir frá leikskólanum á USB-lykli sem foreldrar eru beðnir að koma með í leikskólann í þessari viku maí-mánaðar.

Foreldrar koma með meðlæti á veisluborðið og foreldrafélagið gefur marsipantertu í tilefni dagsins.

Dagskrá útskriftar hefst í sal Grundaskóla kl: 15.00 þar sem skemmtiatriðin verða en síðan förum við í kaffihlaðborð í Garðaseli og eigum saman skemmtilega stund. Fjölskyldur barnanna eru velkomnar.



### Lambaferð að Bjarteyjarsandi

Börnin á Lóni, Holti og 2013- börnin á Vík fara saman í lambaferðina og verður hún farin þriðjudaginn 15. maí kl: 8.50. Foreldrar eru beðnir að koma tímanlega með börn sín svo hægt sé að leggja af stað á réttum tíma, það tekur alltaf smá tíma að koma öllum fyrir í rútunum.

Best er að börnin borði morgunmatinn heima þennan dag ef hægt er en ef það gengur ekki, þá þurfa börnin að vera komin í leikskólann í síðasta lagi kl: 8.15 svo morgunmatur náist. Heimkoma er áætluð upp úr kl: 13.00 / 13.30.

**Farið er í rútu með tveggja punkta beltum** og hafi foreldrar áhyggjur af öryggi eða öðru eru þeir vinsamlegast beðnir að hafa samband við deildarstjóra eða skólastjóra til að ræða þau mál.

### Sumarkaffi foreldrafélagsins

Hið árlega sumarkaffi foreldrafélagsins er sunnudaginn **6. maí kl: 15.00 - 17.00.**

Sumarkaffið er fjáröflun foreldrafélagsins og byggir því á þátttöku allra foreldra í leikskólanum. Leitað verður til foreldra með meðlæti og einnig aðstoð við framkvæmd. Listar verða settir upp í forstofum deilda í vikunni fyrir sumarkaffið þar sem foreldrar skrá sig með ákveðið meðlæti og einnig aðstoð við framkvæmd ef þeir geta. Afar mikilvægt er að fá aðstoð frá foreldrum þennan dag ( 6 til viðbótar ) þar sem mikið er að gera á stuttum tíma ef fáir standa vaktina – þeir sem geta aðstoðað geta skráð sig hluta úr tímanum eftir því sem best hentar hverjum.



### Útskriftarferð í Ölver

**Fimmtudaginn 30. maí kl: 9.00** verður lagt af stað í útskriftarferðina með elstu börnin. Farið verður með rútu frá leikskólanum og er mikilvægt að börnin mæti tímanlega þannig að hægt verði að leggja af stað á réttum tíma. Heimkoma er á föstudeginum **1.júní um kl: 14.30** og þá eru foreldrar beðnir um að sækja börnin sín.

Foreldrar fá sendan bækling þar sem farið er yfir helstu þætti ferðarinnar. Ef einhverjar spurningar vakna þá veita kennarar Víkur svör við þeim öllum

Oft hefur verið móttaka við heimkomuna sem hefur sett skemmtilegan svip á þessa útskriftarferð ( fánar, blöðrur). Foreldrar ákveða það sín á milli hvort þeir vilji gera eitthvað sérstakt við heimkomu barnanna.

### Vorhátíð á Lóni

**Fimmtudaginn 24. maí kl: 15.00 -15.45** bjóða börnin á Lóni foreldrum sínum á vorhátíð með söng og dansi og kaffiveitingum á eftir. Ef foreldrar eiga þess ekki kost að koma þá er um að gera að bjóða ömmu og afa eða einhverjum öðrum tengdum fjölskyldunni.



### Starfsmannahald – breytingar á næstunni

Þessar breytingar eru framundan á starfsmannahaldi

- **Guðlaug Sverrisdóttir**, leikskólakennari í Garðaseli frá upphafi stofnun skólans, hefur lagt inn uppsagnarbréf og ætlar að halda áfram í Grundaskóla þar sem hún hefur verið í vetur.
- **Hafrún Jóhannesdóttir**, deildarstjóri, tekur aftur við sem deildarstjóri í ágúst ( næsta skólaár). Ragnheiður Dagný, sem hefur verið deildarstjóri á Lóni í vetur, tekur aftur við sem kennari og kemur í ljós síðar hvert starf hennar verður næsta skólaár.
- **Sumarafleysingar** liggja ekki fyrir ennþá.